

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Endurskoðað deiliskipulag fyrir Hvamma.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 20. apríl 2010, að breyting á deiliskipulagi fyrir Hvamma yrði auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 23. júní 2010. Deiliskipulagið felur í sér breytingar til samræmis við það sem þegar hefur verið byggt innan svæðisins, sem ekki er í öllum tilfellum í samræmi við upphaflegt deiliskipulag frá 1976 með síðari breytingum. Auk þess eru veittar heimildir til að auka byggingarmagn á sumum lóðum. Í tillögunni eru sameinuð 3 deiliskipulagssvæði í eitt og munu gildandi deiliskipulagsáætlanir verða felldar úr gildi við gildistöku nýs, endurgerðs deiliskipulags. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 16. september 2010,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2010